



Fundur í hafnarnefnd

**5. fundur hafnarnefndar haldinn að Fjarðarvegi 3 Þórshöfn mánudaginn 7. október 2019.
Fundur var settur kl. 15:07.**

Mætt voru: Halldór Rúnar Stefánsson, Árni Bragi Njálsson og Jónas Jóhannsson og Elías Pétursson hafnarstjóri sem ritaði fundargerð.

Undir fyrsta lið dagskrár mættu á fundinn Stefán Friðriksson, Rafn Jónsson og Siggeir Stefánsson f.h. Ísfélagsins.

Formaður setti fund og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru við fundarboð. Svo var ekki.

Fundargerð

1. Framtíðaráform Ísfélagsins

a. Almenn framtíðaráform vegna komandi stefnumótunnar

Forsvarsmenn Ísfélagsins fóru yfir framtíðaráform fyrirtækisins og væntingar félagsins til lengri og skemmri framtíðar. Framkvæmdastóri Ísfélagsins tók til máls og fór yfir lykilþætti eins og þeir snúa að félaginu.

Fram koma að félagið hefur áhyggjur af dýpi í höfninni og telur að dýpi sé sums staðar minna en skráð er enda eru skip félagsins að snerta botninn þegar þau koma inn til löndunar. Núverandi dýpi er skráð 8,6 m. en djúprista Sigurðar VE er 9,2 m þegar hann er fulllestaður. Til framtíðar er það mat félagsins að dýpi þurfi að vera 9,5 til 10 m.

Ákveðið að leita til Vegagerðarinnar um viðhaldsdýpkun til þess að tryggja það dýpi sem höfnin er gefin upp fyrir.

Þá var farið yfir hugmyndir félagsins um stækkun hafnarinnar, fram voru lagðar nokkrar teikningar með ýmsum útfærslum. Fram kom að viðleguplássi væri ekki nægjanlegt hvorki í dag né þegar horft væri til framtíðar. Uppsjárvarskip og flutningaskip eru að stækka, sem dæmi þá er nýjasta uppsjárvarskip Samherja, sem er í smíðum of stórt til að athafna sig í höfninni. Félagið mun senda nefndinni teikningar og gögn til skoðunar.

Fram koma það mat forsvarsmanna félagsins að með auknu viðleguplássi og dýpkun hafnarinnar verði til tækifæri til útflutnings með fastri viðkomu gámaskipa o.s.frv.

Að síðustu kom fram að félagið telur þörf á stækkun frystihússins til suðurs í átt að núverandi hafnarkant. Nú þegar hefur félagið sent inn erindi til hafnarnefndar þar sem óskað er afstöðu nefndarinnar til hugmynda um stækkun til suðurs. Á fundi nefndarinnar var tekið vel í umrætt erindi.



b. *Framtíðaráform á lóðarpörtum sem úthlutað var með bókunum hafnarnefndar og sveitarstjórnar.*

Félagið horfir til þess að nýta umræddar lóðir/lóðarparta undir byggingar svo sem frystigeymslu og aðra lykilstarfsemi. Fram var lögð teikning af mögulegri útfærslu. Ekki liggja á þessu stigi fyrir ákvarðanir um framkvæmdir eða nákvæma útfærslu.

Hafnarnefnd þakkaði forsvarsmönnum félagsins fyrir greinargóða innkomu á fundinn.

Að lokum þessum lið viku Stefán Friðriksson, Rafn Jónsson og Siggeir Stefánsson af fundi.

2. Umgengni og ástand hafnarsvæðisins á Bakkafirði

Lagður fram tölvupóstur frá Árna Braga Njálssyni, dags. 3 okt. sl., um ósk um umræður um umgengni á Bakkafjarðarhöfn.

Ákveðið að fela forstöðumanni þjónustumiðstöðvar að leggja áherslu á að umhverfi verði lagað og umgengni á svæðinu bætt. Forstöðumaður mun mæta á næsta fund nefndarinnar og segja frá framgangi.

3. Aðstaða fyrir eldsneytisafgreiðslu

Lagður fram tölvupóstur frá Guðlaugi Pálssyni frá Festi, dags. 30. sept. sl., mynd af mögulegri staðsetningu og tölvupóstur frá Elíasi Péturssyni sveitarstjóra, dags. 30. sept. sl.

Bókun um afgreiðslu: Hafnarstjóra falið að fá grófhönnun og kostnaðaráætlun vegna flotbryggju á grjótkant við upptökuramp.

4. Innsent erindi – ósk um stöðuleyfi

Lagður fram tölvupóstur frá Axel Waltersyni, dags. 3. okt. sl., með beiðni um stöðuleyfi á höfninni á Bakkafirði fyrir ferðaþjónustufyrirtæki vegna fyrirhugaðrar hvala- og fuglaskoðunar, gönguferða og sjónstangaveiði frá Bakkafirði.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin tekur vel í erindið og felur hafnarstjóra að óska nánari upplýsinga um húsagerð, vænta staðsetningu og framtíðaráform félagsins.

5. Önnur mál

Fundargerðin samþykkt með rafrænum hætti.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:40.